

Nr. 21-044 S 030 Óli á Stað GK 99**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2842
Útgerð: Stakkavík ehf.
Smíðaður: Trefjar, 2017, trefjaplast.
Stærð: 29,95 bt.
Mesta lengd: 14,80 m Skráð lengd: 13,17 m
Breidd: 5,57 m Dýpt: 2,38 m
Vél: Volvo Penta, 479 kw, 2016.
Fjöldi skipverja: 3



Óli á Stað©Gestur Ólafsson

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. maí 2021 var Óli á Stað GK 99 á siglingu frá Grindavík. Veður: ANA 6-7 m/sek.

Á siglingunni varð skipið vélarvana um 0,5 sjómílar suður af Hópsnesi. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Oddur V. Gíslason dró Óla á Stað til hafnar í Grindavík.

Við rannsókn kom fram:

- að daghylkið tæmdist og loft komst inn á eldsneytiskerfið;
- að vegna mistaka hafði verið slökkt á rofa í brú fyrir sjálfvirka uppdælingu á daghylkið frá botntanka;
- að þegar reynt var að lofttæma eldsneytiskerfið brotnaði loftskrúfa sem kom í veg fyrir að hægt væri að lofttæma kerfið;
- að skipt hafði verið um daghylkið, sem var úr trefjaplasti, nokkru áður vegna olíuleka og daghylki úr rústfríu stáli sett í staðinn;
- að olíumælir var á daghylkinu í brú skipsins en það átti eftir að stilla hann til samræmis við nýja daghylkið;
- að eftir atvikið var óskað eftir því að bætt yrði við viðvörun í vaktkerfið fyrir of lága olíustöðu á daghylki.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var sú að daghylkið tæmdist en slökkt var á sjálfvirkri uppdælingu á það og engin viðvörun var til staðar sem gæfi til kynna að það væri að tæmast.